



VERSLUN OG ÚTGERÐ FYRR Á TÍMUM

Verslun hófst í Hrísey árið 1661 en þá höndlaði þar Jónas Trelund. Á Alþingi það ár er sagt frá þeirri verslun og að hún sé hvorki landinu né landsmönnum til skaða. Um 1650 sest hópur Hollendinga að í Hrísey og hófu þaðan útgerð. Forstöðumaður þeirra hét Markus Mumm. Komu Hollendingarnir á vorin en fóru heim á haustin. Síðar er sagt frá því að þeir séu búnir að byggja sér hús í eyinni og hafi þar vetursetu. Um það leyti hófu þeir verslun í eyinni. Árið 1670 hurfu þeir aftur frá Hrísey.

Svo var það árið 1678 að enn komu sjóræningjar til Hríseyjar. Nú voru það frakkneskir menn sem stigu á land. Tóku þeir margt fémætt og drápu kvikfé nálega allt, eins og stendur í annálum frá þessum tíma. Merkillegt er hversu sjóræningjar hafa haft mikinn áhuga á þessari litlu eyju fyrr á öldum, því nokkru eftir rán og illvirki Englendinga árið 1425 sást ókennilegt skip sigla inn Eyjafjörð undir svörtum seglum. Lagðist það vestur af eyinni. Töldu eyjarskeggjar að þetta væri ófriðarskip. Samt réru þeir út að skipinu og höfðu tal af kapteini þess. Leist eyjarskeggjum mjög ílla á

manninn en afreðu samt að spyrja hann að nafni. Fannst þeim hann segja að hann hétí Upþrikt. Réru þeir síðan lífróður frá skipinu og að Sauðanesi vestan fjarðar, en þar bjó þá Rögnvaldur Rögnvaldsson sem bæði var galdramaður og skáld. Spurðu þeir hann nú hvað gera skyldi. Hann leit yfir sundið og hvessti sjónir á skipinu og kvað:

*Uþþrekt rella inn á fjörðinn Eyja renndi.
Margbölvaður myrkrafjandi,
manndjöful þann reki úr landi.*

Það var eins og við manninn mælt. Það skall á ofsaveður af suðri svo skipið dreif á haf út og hefur ekki séðst síðan.

Jörundur Jónsson, sem oft var nefndur hákarla-Jörundur, hefur af mörgum verið kallaður guðfaðir Hríseyjar, en hann fluttist til eyjarinnar árið 1862. Eitt er víst að síðan þá hefur verið stundaður sjávarútvegur frá Hrísey, enn meiri en áður hafði verið.

Um svipað leiti koma Norðmenn til Hríseyjar. Þeir byggja hús í eyinni og fara að salta síld. Gránufélagið á Akureyri reisir hús til fiskimóttöku og fiskverkunar. Nú er fiskur fullunninn í eyinni og sendur til annara landa. Hrísey verður mjög stór útgerðarstaður.

En mönnum verður ekki allt að láni því þann 11. september 1884 skall skyndilega á rok af suðvestri. 19 skip rak á land við Hrísey. 15 þeirra voru Norsk, 3 voru Íslensk og eitt var frá Englandi. Þrír noskir sjómenn fórust. Alls voru skipin 41 sem ýmist strönduðu, sukku eða löskuðust. Margir lentu í fjárþroti og útgerðarsögu Norðmanna í Hrísey var lokið. En þá komu Svíar til Hríseyjar og hófu síldarsöltun. Þeir byggðu tvö mjög stór hús sem settu mikinn svip á þorpið sem myndast hafði upp af svonefndu Sandshorni. Hús þessi stóðu fram undir seinna stríð, en voru þá rifin og flutt út á land þar sem verið var að byggja herflugvöll.



TRADING AND FISHERIES IN OLDEN TIMES

The year 1661 saw the beginning of trade in Hrísey when a Danish merchant Jónas Trelund set up shop there. In the same year, this commercial operation is discussed in the Icelandic Parliament and remarks made to the effect that it “will neither damage the land nor its people”. About 1650 a number of Dutchmen settle down in Hrísey and commence a fisheries operation under the leadership of one Markus Mumm. Initially, the Dutchmen arrived on the island in spring and returned home in autumn. Later they built a house for themselves and stayed through the winter and set up a trading post on the island about the same time. In 1670, however, this Dutch settlement came to an end.

In 1678, pirates showed up once more. This time they were Frenchmen and, according to contemporary annals they “seized many objects of value and killed nearly all the livestock”.

The interest pirates took in this small island in earlier centuries is quite remarkable. Some after the English committed plunder and abhorrent acts in 1425, a ship of an unknown type was seen heading into Eyjafjörður, flying black sails. The vessel dropped anchor near Hrísey and the people of the island were convinced that the intention

was to attack them. Yet they summoned courage to row up to the ship and make contact with the captain whose demeanour they found most unsettling. Nevertheless they bravely asked him his name and it sounded to them as if he said “Upþrikt”. They then rowed for their lives away from the ship to a farmhouse on the western shore of Eyjafjörður where the proprietor, by the name of Rögnvaldur Rögnvaldsson, was both a poet and a sorcerer. They asked him what he thought they should do. He looked across the sound towards Hrísey, stared hard at the ship and enunciated the following rhyme:

In our fiord the evil Upþrikt found shelter at hand
May the fiend of doom and darkness
drive the slave from our land

No sooner had he spoken than a fierce storm blew up from the south and swept the vessel out to the open sea never to be seen again.

Jörundur Jónsson, often named Jörundur of the sharks, who moved to Hrísey in 1862, has been regarded by many people as the godfather of the island. However, that may be, it can be said for sure that from that time there was more growth in fishing operations from Hrísey than ever

before. This was also when the Norwegians came to Hrísey, built a house there and began the salting of herring. The Grána company in Akureyri built another house for fish processing. As a result of these developments, fish was fully processed on the island and sold to other countries. Hrísey had become the venue of an impressive fisheries enterprise.

But fortune’s favour is not to be trusted. On 11 September 1884 a violent storm from the south-west hit the island driving 19 ships ashore; 15 of those were from Norway, 3 Icelandic and one from England. Three Norwegian sailors perished and a total of 41 ships sank, ran aground or were damaged. Many were bankrupted and the Norwegian chapter in the story of Hrísey fisheries came to an end. Next the Swedes came and began salting the herring. They erected two large buildings which became important landmarks in the small village. Those buildings remained standing until World War II when they were pulled down and transported to another part of Iceland for use in connection with the construction of a military airfield.